

## SAMÞYKKT

### um holræsi og holræsagjöld í Rangárþingi ytra.

#### 1. KAFLI

##### Um holræsi.

###### 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur ein heimild til að láta leggja sameiginleg holræsi á skipulögðum þéttbýlissvæðum í Rangárþingi ytra. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfi, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast sveitarstjórnin eða þeir sem hún felur slík verkefni. Sveitarstjórninni er heimilt, ef aðstæður eru sérstakar, að heimila öðrum að leggja og reka sameiginleg holræsakerfi.

###### 2. gr.

Sveitarstjórn lætur leggja holræsi, svo að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skylt er lóðareigendum og húsráðendum á sinn kostnað að gera holræsi er flytji frá húsum og lóðum skolp allt út í aðalræsi. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglur á hverjum tíma. Nú hefur sveitarstjórn ekki látið leggja holræsi samkvæmt framansögðu og skal þá lóðarhafi á sinn kostnað leiða skolp gegnum rotþró af nægjanlegri stærð og samkvæmt ákv. laga og reglna sem um það gilda.

###### 3. gr.

Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lögn er fyrir hendi eða lögð hefur verið sameiginleg lögn fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi gera svelg og tengja yfirborðsvatn af húsi sínu og lóð þangað. Nú lætur sveitarstjórn leggja sérstaka lögn fyrir yfirborðsvatn og er þá lóðarhafa skylt að tengja yfirborðsvatn sitt þangað.

###### 4. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðlegt áður en því er veitt út í holræsakerfið sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerða.

###### 5. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð, er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum. Sá sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingafulltrúi hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingafulltrúa. Hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrr en samþykktur uppdráttur liggur fyrir. Samþykkt byggingafulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

## 6. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Ekki má hylja frárennislagnir fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af byggingafulltrúa.

## II. KAFLI

**Um holræsagjald.**

## 7. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta eða leigir lóð þar sem holræsi hefur verið lagt, ber að greiða árlega holræsagjald til Rangárþings ytra.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,25% af fasteignamati húsa sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki holræsagjald.

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt eða fella niður holræsagjald að hluta eða öllu leyti skv. ákvörðun hennar hverju sinni.

## 8. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 9. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

## 10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og skv. vatnalögum nr. 15/1923 og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. júlí 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Kristín L. Árnadóttir.*